

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpsamlag Pingeyinga-urðun Laugardalur, Húsavík



Dags eftirlits	6.5.2014	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Sorpsamlag Pingeyinga-urðun	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Víðimóar 2/Laugardalur	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	711001-2470	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hafsteinn H. Gunnarsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	574545,649 617913,682

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Snyrtilegt var á urðunarstaðnum og engin ummerki um fok.

Áfram er staðfest frávik um að á staðnum hefur verið urðuð botnaska sem ekki stenst útskolunarpróf fyrir óvirkan úrgang. Úrbótaáætlun hefur borist sem ekki hefur verið samþykkt af Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun mun halda áfram með málið í eftirfylgnifarvegi.

Skýrsla skv. grein 1.12 í starfsleyfi hefur ekki borist frá rekstraraðila.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. undanþáguskilyrðum Umhverfis og auðlindaráðuneytisins skal vakta grunnvatn í mælipunktum í nágrenninu og að samráð skuli haft við Umhverfisstofnun um staðsetningu mælipunkta.

UMFANG EFTIRLITS

Sjónskoðun fór fram á urðunarstaðnum á Laugardal. Skoðað var sérstaklega ummerki um botnösku sem hefur verið sett niður síðan 2010. Þá var skoðað svæði fyrir garðaúrgang.

Starfsleyfi er runnið út en undanþága frá starfsleyfi vegna reksturs var veitt af Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þann 4. mars sl. Skv. undanþágunnar er heimilt að urða allt að 5 tonn á mánuði af óvirkum úrgangi og að ákvæði starfsleyfis frá 18. desember 2002 skuli gilda áfram, eftir því sem við á. Nýtt starfsleyfi er í vinnslu hjá Umhverfisstofnun.

Á fundi með framkvæmdastjóra Sorpsamlagsins Hafsteini H Gunnarssyni var farið yfir ákvæði starfsleyfis og undanþágunnar frá UAR. Þá var farið yfir stöðu mála varðandi botnösku sem urðuð var án leyfis frá árinu 2010 og skráð var sem frávik í síðasta eftirliti. Sorpsamlag sendi áætlun um úrbætur þann 5. febrúar s.l sem farið var yfir, en einnig var rætt um aðrar leiðir sem Sorpsamlagið er með til skoðunar.

Rætt var um skýrslugjöf skv. starfsleyfi og ákvæði um mælingar frá staðnum sbr. undanþágu UAR.

Að síðustu var rætt um hvatningarkerfi sem Umhverfisstofnun hyggst koma á til að hvetja fyrirtæki með jákvæðum hætti til að ná árangri í starfsemi sinni með tilliti til umhverfisins.

Frávik frá

Grein 1.1. í starfsleyfi sem segir að einungis megi urða óvirkan úrgang á staðnum. Sjá einnig losunarmörk fyrir útskolun óvirks úrgangs í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs viðauka II, ákv. 2.1.2.1.

Lýsing á fráviki

Botnaska sem urðuð hefur verið frá árinu 2010 stenst ekki útskolunarmörk fyrir óvirkan úrgang, því er ekki heimilt að urða hana á svæðinu. Málið er í eftirfylgni hjá Umhverfisstofnun.

Grein 1.12 í starfsleyfi

Upplýsingar um magn og tengund úrgangs, ráðstöfun hans, yfirlit yfir sýnatökur og upplýsingar um óhöpp sem senda skal fyrir 1. mars ár hvert til Umhverfisstofnunar hefur ekki borist stofnuninni.


ATHUGASEMDIR

Samkvæmt ákvæði 4. í undanþágu Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins skal vakta grunnvatn í mælipunktum í nágrenni urðunarstaðarins. Við eftirlit var ekki búið að setja niður mælipunkta. Umhverfisstofnun minnir á að samráð skuli haft við stofnunina við staðsetningu mælipunkta

ANNAÐ

Á fundi um málefni urðunarstaðarins var viðstaddur Þorkell Björnsson frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

Reykjavík, 13.06.2014



Sigríður Kristjánsdóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.